

Minnisblað

Bráðabirgðaákvæði í búvörulög vegna innflutnings á grænmeti.

Málsnúmer: ANR21090197

Númer skjals:

Skráð: 8. desember 2021

Eigandi skjals: Elísabet Anna Jónsdóttir

Auðkenni

Dagsetning: 8. desember 2021

Fyrirtæki: Bændasamtök Íslands og Félag atvinnurekanda

Nafn: Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis

Vinnsla

Staða: Í vinnslu

Geymslustaður skjals:

Í ársbyrjun 2020 tóku í gildi breytingar á búvörulögum nr. 99/1993 sem snúa að úthlutun tollkvóta. Fyrir breytingarnar var starfandi ráðgjafanefnd um inn- og útflutning landbúnaðarvara, sem hafði m.a. það hlutverk að leggja til við ráðherra að úthluta svokölluðum „opnum tollkvótum“ á grundvelli 65. gr. A búvörulaga, þegar framboð ákveðinna landbúnaðarvara taldist ekki nægjanlegt á innanlandsmarkaði. Þeirri framkvæmd fylgdu ýmis vandkvæði og hafði oft reynst erfitt að sannreyna markaðsaðstæður hverju sinni, enda hafði nefndin fá önnur verkfæri en að treysta á yfirlýsingar framleiðenda og dreifingaraðila. Eðli málsins samkvæmt er hvati til yfirlýsinga ólíkur, hvor aðilinn er spurður, innflytjendur eða innlendir framleiðendur. Því þótti brýnt að skýra og einfalda regluverk en um leið að tryggja nægt vöruframboð. Af þessum sökum voru ákveðin tolla tímabil lögfest á ákveðnum vörum, þ.e. hvort varan beri toll eða ekki.

Þær vörur sem oft voru á borði ráðgjafanefndarinnar var útiræktað grænmeti. Gerð var ítarleg greining á því hvenær ársins væru oftast gefnir út „opnir tollkvótar“. Árin 2011-2019 voru rannsökuð og var niðurstaðan sú að í flestum tilvikum hafði verið opnað á tollfrjálsan innflutning á svipuðum tíma milli ára, eða þegar innlend framleiðsla var ekki til staðar. Því voru lögfest ákveðin tímabil þegar viðkomandi vara væri tollfrjáls, byggt á sögulegri reynslu. Í meðförum Alþingis var hins vegar upphaflegri tillögu um tollfrjáls tímabil breytt og tímabilin stýtt eða færð til. Þannig hefur komið upp sú staða á sl. tveimur árum að tiltölulega hár tollur sé lagður á vöru á meðan innlend framleiðsla er ekki til á markaði. Með öðrum orðum, tollfrjálsu tímabilin eru of stutt í sumum tilvikum. Þessu getur bæði fylgt tímabundinn skortur á viðkomandi vöru eða verðhækkanir.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið hefur átt sameiginlega fundi með Bændasamtökum Íslands (BÍ) og Félagi atvinnurekenda (FA) vegna málsins og liggur fyrir tillaga frá báðum aðilum um breytingar á tímabilum, til bráðabirgða út árið 2022. Markmið beggja aðila er að reyna koma í veg fyrir skortstöðu á markaði. Tillaga FA er þó lögð fram með fyrirvara um að mögulega ætti að rýmka tímabilið fyrir kartöflur vegna mögulegra áhrifa kartöflumyglu á suðurlandi.

Meðfylgjandi þessu minnisblaði er tafla sem sýnir hvenær viðkomandi vara er/væri tollfrjáls skv. upphaflegu lagafrumvarpi (efst), núgildandi lögum (miðja) og tillögum BÍ og FA (neðst). Verði tímabilum ekki breytt má búast við upp komi tímabundinn vöruskortur á einhverjum vörum, eða verðhækkanir, þar sem flytja þurfi inn vöru á fullum tollum á meðan innlend framleiðsla er ekki fyrir hendi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið óskar eftir því, með vísan til framangreinds, að meðfylgjandi bráðabirgðaákvæði um breytingu á búvörulögum nr. 99/1993 verði bætt við í annarri umræðu um frumvarp um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga 2022 með breytingartillögu.

Vörulýsing		Jan	Feb	Mar	Apr	Maí	Jún	Júl	Ágú	Sep	Okt	Nóv	Des	Lægri tollar % af ári
0704.1000 Blómkál og hnappað spergilkál	Frumvarp	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	100%
	Núgildandi lög	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	83%
	Tillögur BÍ	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	88%
0704.9004 Spergilkál	Frumvarp	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	100%
	Núgildandi lög	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	71%
	Tillögur BÍ	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	88%
0709.4000 Selja, önnur en seljurót	Frumvarp	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	100%
	Núgildandi lög	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	83%
	Tillögur BÍ	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	100%
0701.9009 Kartöflur, nýjar eða kældar	Frumvarp				■	■	■	■	■	■	■	■	■	38%
	Núgildandi lög													0%
	Tillögur BÍ						■	■						8%
0704.9001 Hvítkál	Frumvarp			■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	54%
	Núgildandi lög	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	58%
	Tillögur BÍ	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	75%
0706.1000 Gulrætur og næpur	Frumvarp			■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	54%
	Núgildandi lög			■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	21%
	Tillögur BÍ			■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	42%
0704.9002 Rauðkál	Frumvarp	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	79%
	Núgildandi lög	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	67%
	Tillögur BÍ	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	71%
0704.9003 Kínakál	Frumvarp	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	88%
	Núgildandi lög	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	75%
	Tillögur BÍ	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	75%
0706.9001 Gulrófur	Frumvarp			■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	46%
	Núgildandi lög													0%
	Tillögur BÍ													0%

■ Lægri tollar

□ Almennur tollur